

# Verðbréfaþing- Íslands

Alþingi

Erindi nr. D 121/214

komudagur 27/11 1996

Reykjavík, 26.11.1996.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn um tvö frumvarp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt.

Í tveimur bréfum yðar dagsettu 19. nóvember 1996 er óskað umsagnar Verðbréfaþings Íslands um tvö frumvarp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Stjórn þingsins hefur fjallað um frumvarpin og fallið mér að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Mikilvægt er að jafna stöðu verðbréfa og annarra fjárfestingarforma, svo og fjárfesta og útgefenda, þannig að skattar eða undanþágur frá þeim raski ekki jafnvægi á markaði eða valdi skekkju í verðmyndun. Í sumum efnum fela frumvarpin í sér skref í rétta átt, en í öðrum hefði e.t.v. mátt fara aðra leið til að draga úr mismunun:


- Bóðaðar breytingar á skattlagningu hlutdeildarskírteina eru rökréttar og til bóta frá fyrr fyrirætlunum.
- Í stað þess að fella niður skattafslátt vegna hlutabréfakaupa mætti hafa í huga ábendingar starfshóps um endurbætur á innlendum skuldabréfamarkaði sem skipaður var af viðskiptaráðherra og skilaði skýrslu í apríl 1996, þar sem segim.a.:

"Mikilvægt er að glæða áhuga einstaklinga á verðbréfa- og viðskiptum og öðrum spamaði í ljósi þess hve spamaður er lítill hér á landi. Athuga má hvort beita megi skattalegum hvata af einhverju tagi í þessu skyni. Minna má á að fjárfestingar í hlutabréfum njóta nú skattalegs stuðnings og húsnæðisspamaður er enn studdur af skattalegum hvata. Það eru einkum þrjú svið sem þessi stuðningur ætti að miða að. Í fyrsta lagi húsnæðisspamaður, í öðru lagi viðbótariðfeyrisspamaður og í þriðja lagi fjárfestingar í atvinnulífinu. Í þessu sambandi þyrfti að gæta að því að skattlagning tekna og eigna sé að öðru leyti í samræmi við þessi markmið þannig að einstök skattaform stangist ekki á. Núverandi fyrirkomulag stuðnings við hlutabréfakaup má gagnrýna frá því sjónarmiði að hann er ómarkviss frá sjónarmiði fyrirtækjanna ef markmiðið með honum er öðrum þræði að skapa nýtt áhættufé fyrir atvinnulífið."

Auk þess mætti Alþingi huga að úrbótum á þeirri mismunun sem felst í eftirtöldum atriðum:

- Sum verðbréf bera stimpilgjald, önnur eru undanþegin því. Þessi skattur leggst þyngra á verðbréf eftir því sem tímalengd þeirra er styttri. Útgefendur sem undanþegnir eru slíkum skatti njóta í reynd lægri vaxtakjara á kostnað annarra útgefenda.
- Sum verðbréf eru eignarskattsskyld að fullu, önnur undanþegin að hluta eða öllu leyti. Útgefendur þeirra bréfa sem undanþegin eru slíkum skatti gætu notið lægri vaxtakjara á kostnað annarra útgefenda. Eigendur eignarskattsfjálsra verðbréfa njóta betri ávöxtunar í reynd en eigendur sambærilegra skattlagðra bréfa.
- Enn er við lýði mismunun sem leiðir af tvísköttun arðs í sumum tilvikum og einnig mismunun sem leiðir af því að 7% þakið á frádrátt útgreidds arðs frá skattskyldum tekjum kemur misjafnlega niður á félögum eftir aðstæðum þeirra.

Virðingarfyllt,  
f.h. Verðbréfaþings Íslands,

  
Stefan Halldórsson, framkvæmdastjóri.